

## Fundargerð

181. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 9. mars 2016 kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

### Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar var borin upp til kynningar, samþykkt og undirrituð.**
2. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir; staða mála.**

Engar nýjar fréttir af málinu; nánari kynning og umræða fer fram á vorkundi Umhverfis- og Matvælastofnunar með framkvæmdastjórum heilbrigðis- eftirlitssvæða þann 2. og 3. maí n.k. í Mývatnssveit. Á fundinum verða fulltrúar frá viðkomandi ráðuneytum.

3. **Leiðrétting á forsendum í fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra 2016.**

Fjárhagsáætlun 2016 hefur verið leiðrétt skv. uppfærðum forsendum Akureyrarbæjar hvað varðar launalið. Hækkun á fjárhagsáætlun á milli áranna 2015 og 2016 er 3,21%, sjá meðfylgjandi fylgiskjöl.

4. **Kvartanir vegna ólyktar frá heitloftspurrkun sjávarafurða á Húsavík og Dalvík; staða mála.**

Gerð var grein fyrir kvörtunum sem bárust nýlega vegna ólyktar frá heitloftspurrkun sjávarafurða á Húsavík og eftirfarandi bókað:

**Í framhaldi af kvörtunum sem borist hafa vegna ólyktar frá hausa- og dálkaþurrkun GPG fiskverkunar á Húsavík; þá fer heilbrigðisnefnd fram á að GPG fiskverkun vinni tímasetta úrbótaáætlun um ráðstafanir til að lágmarka ólykt frá starfseminni sem fyrst og ekki seinna en 5. apríl n.k.**

Þá var gerð grein fyrir kvörtunum sem hafa borist vegna ólyktar frá heitloftspurrkun sjávarafurða á Dalvík og er það mál í ákveðnum farvegi.

### Umsagnir:

1. **Uppsetning á búnaði til eyðingar á áhættuvefjum úr sláturdýrum Fjallalambs á Kópaskeri.**

Kynnt var umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra til Skipulagsstofnunar vegna málsins og einnig voru kynntar umræður á fundi starfshóps um förgun úrgangs á vegum Umhverfis- og auðlindaráðuneytis. María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi situr í starfshópnum sem fulltrúi heilbrigðisnefnda, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fram kom að margir sláturleyfishafar eru að sækja um starfsleyfi fyrir brennslu sláturúrgangs á talsvert breyttum forsendum en lagt var upp með í

byrjun og málið er til skoðunar hjá bæði Umhverfis- og Skipulagsstofnun, m.a. varðandi það hvort starfsleyfiskeyrði skuli unnin hjá Umhverfisstofnun eða heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og hvort krafist verði umhverfismats þegar um er að ræða umfangsmikla brennslu (meira en 500 tonn á ári).

2. **Skipulagslýsing; Miðhvammur í Aðaldal**
3. **Deiliskipulag fyrir þjónustusvæðið í Ásbyrgi; lýsing.**
4. **Tillaga að íbúðasvæði (Í5) Reitur á Húsavík; lýsing.**
5. **Deiliskipulag fyrir athafnasvæði (A3) suðurfjara og hafnarsvæði (H5) á Húsavík; lýsing.**

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsagnir undir lið 2,3,4 og 5 og fór yfir helstu atriði varðandi aðkomu heilbrigðiseftirlits; s.s. hvað varðar vatnsöflun, fráveitu og almennar mengunarvarnir.

#### **Umsóknir um starfsleyfi:**

1. H81 ehf, kt. 650915-1350, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúðum, á almennum markaði frá september til maí, í Hafnarstræti 81, nr. 207, 301 og 403, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
2. H81 ehf, kt. 650915-1350, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð, á almennum markaði frá september til maí, í Sólvöllum 1, nr. 101, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
3. Stebbi Röggur ehf, kt. 580116-2800, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð í Hafnarstræti 81, nr. 406, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
4. Hörgársveit, kt. 510101-3830, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna félagsheimilisins Hlíðarbæjar, 601 Akureyri. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
5. Sjallinn ehf kt. 410905-0510, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir Skemmtistaðinn Sjallann, Geislagötu 14, 600 Akureyri. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
6. Viðburðastofa Norðurlands ehf kt. 540598-2079, umsókn um starfsleyfi vegna, Hoppukastalaleigu Norðurlands, Skipagötu 9, 600 Akureyri. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
7. Stefán Jakobsson kt. 140180-5459, umsókn um heimagistingu, Artic fox guesthouse, Helluhrauni 12, 660 Mývatn. **Samþykkt.**
8. Ragnar Hólm Ragnarsson, kt. 191162-2699, umsókn starfsleyfi vegna heimagistingar að Löngumýri 2, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
9. Ólafur Þröstur Stefánsson, kt. 010661-4989, umsókn um starfsleyfi fyrir heimagistingu að Múlavegi 9a, 660 Mývatn. **Heilbrigðisnefnd tekur undir kröfur heilbrigðisfulltrúa um nauðsynlegar úrbætur á húsakosti; afgreiðslu frestað.**

10. Kristín Kolbeinsdóttir kt. 310562-3789, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð á neðri hæð Vökulands, Eyjafjarðarsveit, 601 Akureyri. **Samþykkt.**
11. Heiðrún H. Beck kt. 081189-2269, umsókn um starfsleyfi vegna hársnyrtistofunnar Þvottahúsið, Grundargerði 2j, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
12. Hjalteyri ehf kt. 701211-1540, umsókn um starfsleyfi fyrir heitum potti í fjörunni á Hjalteyri í flokki 2. skv. reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni. **Samþykkt.**

### **Önnur mál:**

-Skýrt var frá rökstuddum grun um matareitrun á veitingastað ásamt ráðstöfunum sem var gripið til að fyrirbyggja að slík atvik endurtaki sig.

-Kynntir voru úrskurðir Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis hvað varðar verkaskiptingu Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga þegar um er að ræða fjölpætta starfsemi; nánar tiltekið frumframleiðslu, vinnslu og dreifingu landbúnaðarafurða.

-Í tilefni þess að vöðvasullur kom upp í sláturlömbum s.l. haust var eftirfarandi bókað:

**Heilbrigðisnefnd minnir sveitarfélög á mikilvægi þess að halda skrá yfir alla hunda og fylgja eftir lögboðinni hundahreinsun að lokinni sláturtíð ár hvert. Á liðnu hausti koma upp vöðvasullur í sláturlömbum frá bæ í Langanesbyggð og mikilvægt að treysta varnir gegn bandormasmiti í öllum sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar.**

-Skýrt frá ábendingu sem barst til Matvælastofnunar um auglýsingu á heimaslátruðu kjöti á starfssvæði heilbrigðisnefndar. Atvikið hefur verið kært og farið er fram á lögreglurannsókn á uppruna og dreifingu þessa kjöts.

-Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.45

---

Jón Ingi Cæsarsson

---

Alfreð Schiöth

---

Hjördís Stefánsdóttir

---

Þorkell Björnsson

---

Guðmundur Smári Gunnarsson

---

Þórey Agnarsdóttir

---

Fjóla Stefánsdóttir

---

María Markúsdóttir